

Starfsendurhæfing

07 988

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Starfsendurhæfing

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Vinnumálastofnunar

kt. 700594-2039

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Starfsendurhæfing er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérlega þar sem markmiðið er að tryggja einstaklingum með skerta starfsgetu í kjölfar veikinda eða slysa atvinnutengda starfsendurhæfingu.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir málefnasvið 30 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 342,1 milljónir og afkoma kr. 23,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 9,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 32,3 milljónir.

Starfsemi fjárlagaliðarins á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Starfsendurhæfingar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Starfsendurhæfingar fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Unnur Sverrisdóttir
forstjóri

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	342.100.000	330.500.000
Tekjur samtals		<u>342.100.000</u>	<u>330.500.000</u>
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður	3	319.007.846	343.628.401
Gjöld samtals		<u>319.007.846</u>	<u>343.628.401</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		23.092.154	(13.128.401)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(24.426)	(20.910)
		<u>(24.426)</u>	<u>(20.910)</u>
Afkoma ársins		<u>23.067.728</u>	<u>(13.149.311)</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	23.067.728	(19.449.311)
Rekstrartilfærslur		0	6.300.000
		<u>23.067.728</u>	<u>(13.149.311)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	4	32.282.163	60.044.598
Veltufjármunir samtals		<u>32.282.163</u>	<u>60.044.598</u>
Eignir samtals		<u><u>32.282.163</u></u>	<u><u>60.044.598</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	5	9.918.417	(13.149.311)
Eigið fé samtals		<u>9.918.417</u>	<u>(13.149.311)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	4	22.363.746	26.500.000
Ýmsar skammtímaskuldir	6	0	46.693.909
Skuldir samtals		<u>22.363.746</u>	<u>73.193.909</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>32.282.163</u></u>	<u><u>60.044.598</u></u>
Aðrar upplýsingar	7		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		23.067.728	(13.149.311)
		<u>23.067.728</u>	<u>(13.149.311)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		23.626.181	(27.864.753)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(46.693.909)	41.014.064
		<u>(23.067.728)</u>	<u>13.149.311</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>0</u>	<u>0</u>
	Hækkun (lækkun) á handbæru fé	0	0
Handbært fé í byrjun árs		<u>0</u>	<u>0</u>
	Handbært fé í árslok	<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	342.100.000	330.500.000

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	328.900.000	0	0	328.900.000
Fjáraukalög	13.200.000	0	0	13.200.000
Fjárveiting til tekna	342.100.000	0	0	342.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(319.032.272)	0	0	(319.032.272)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	23.067.728	0	0	23.067.728

	2022	2021
3 Annar rekstrarkostnaður		
Samningsbundin kaup og leiga	247.407.846	272.028.401
Kostnaðarhlutdeild	71.600.000	71.600.000
Annar rekstrarkostnaður samtals	319.007.846	343.628.401
	31.12.2022	31.12.2021

4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	32.282.163	60.044.598
	32.282.163	60.044.598

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	22.363.746	26.500.000
	22.363.746	26.500.000

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(13.149.311)	(63.840.692)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	63.840.692
Afkoma ársins	23.067.728	(13.149.311)
Jöfnuður 31.12.	9.918.417	(13.149.311)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samræði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
6 Ýmsar skammtímaskuldir		
Önnur ógreidd gjöld	0	46.693.909
	0	46.693.909

Skýringar

7 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn hefur gert skuldbindandi samninga um þjónustu. Árlegar greiðslur vegna þjónustu nema kr. 250,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir fjárlagaliðarins felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.